

**41. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,  
mánudaginn 18. september 2023, kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

**1. Umsókn um heimlögn, kalt og heitt, Iða II, lóð 9 - 2309007**

Umsókn um heimlögn að Iðu II, lóð 9, L189804, fyrir heitt og kalt vatn. Umsækjandi Helga Kr. Einarsdóttir.

*Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir heimlögn fyrir heitt og kalt vatn að Iðu II, lóð 9, L189804.*

**2. Úttektir eldvarnaeftirlits á mannvirkjum Bláskógabyggðar 2023 - 2309017**

Skoðunarskýrsla vegna Aratungu, dags. 13.09.2023

Skoðunarskýrsla vegna íþróttamiðstöðvar Reykholti, dags. 06.09.2023

Skoðunarskýrsla vegna Reykholtsskóla, dags. 06.09.2023

Skoðunarskýrsla vegna leikskólans Álfaborgar, dags. 06.09.2023

*Lagðar voru fram skoðunarskýrslur. Sviðsstjóra er falið að fylgja eftir úrbótum.*

**3. Styrkir til fráveituframkvæmda 2023 - 2306036**

Tilkynningar Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 05.09.2023, um styrki til fráveituframkvæmda á Laugarvatni og í Reykholti.

*Tilkynningarnar voru lagðar fram. Styrkveiting nemur 30% af staðfestum kostnaði innan ársins.*

**4. Viljayfirlýsing vegna kaupa á heitu vatni til uppbyggingar í ferðaþjónustu (baðlón, hótél) - 1906021**

Vatn fyrir baðlón


*Fyrir liggur beiðni Norverks ehf um samning um kaup á heitu vatni vegna baðlóns.*

*Framkvæmda- og veitunefnd tekur jákvætt í erindið og fagnar þeirri fyrirhugðu uppbyggingu sem umsækjandi stefnir á. Í ljósi þess vatnsmagns sem umsækjandi óskar eftir verður gengið verulega á það vatnsmagn sem Bláskógaveita er aflögufær með. Framkvæmda- og veitunefnd vísar málinu áfram til sveitarstjórnar.*

Fundi slitið kl. 16:10.


  
Stefanía Hákonardóttir

  
Helgi Kjartansson

  
Jón Forni Snæbjörnsson

  
Ásta Stefánsdóttir

  
Benedikt Skúlason

  
Kristófer Arnfjörð Tómasson